

## 132. fundur

Skólanefndar Tónlistarskóla Stykkishólms haldinn miðvikudaginn 25. nóvember 2009 kl. 17:00 á kaffistofu skólans.

Dagskrá:

1. Skýrsla skólastjóra
2. Fjárhagsáætlun 2010
3. Önnur mál

Mætt voru: Jóhanna Guðmundsdóttir, skólastjóri, Elísabet L. Björgvinsdóttir, formaður, Daði Jóhannesson og Sigurborg Sturludóttir.

1. Jóhanna fór yfir fjölda nemenda í skólanum í vetur og hvernig þeir skiptast á milli deilda og stig. Nemendur eru 112 og þar af eru 8 nemendur á tvö hljóðfæri, 10 nemendur eru úr FSN og 12 eru fullorðnir. Útlit er fyrir smávægilegar breytingar um áramót en ekki er útlit fyrir fækkun.

Mikið hefur verið að gera í tónlistarskólanum síðustu viku. Námskeið voru haldin fyrir flautunemendur hjá Ewu Murawska og einnig var spananámskeið haldið af Jasstríói Árna Heiðars. Bæði námskeiðin gengu mjög vel.

Haustrónfundir voru hefðbundnir og lúðrasveitin hélt síðan haustónleika sína 19. nóvember og 20. nóvember var grunnskólanum boðið að hlusta á sveitina.

Mánudaginn 30. nóvember verður starfsdagur og er þá boðið upp á „Tónfræðidaginn mikla“. Dagskrá verður frá 13-18 í skólanum og allir nemendur og foreldrar mega koma og spreyta sig á tónfræði þrautum þennan dag.

Verið er að skipuleggja jóladagskrána og verður hún fjölbreytt að vanda. Jólatónfundir verða í 2. viku desembermánaðar og lokatónleikarnir 17. desember kl. 18. Þar á milli verða jólaheimsóknir, æfingar og léttir tímar.

Framundan er einnig lúðrasveitarmót hjá stóru lúðrasveitinni í Mosfellsbæ í febrúar og hjá litlu í Vestmannaeyjum í maí. Einnig er í athugun að taka þátt í nýrri uppskeruhátíð tónlistarskóla á landsvísu sem verður haldin í febrúar og mars.

Einnig er verið að vinna í nýrri heimasíðu skólans og skólabyggingarnefndin hefur fundað tvisvar sinnum frá því í haust.

2. Drög að fjárhagsáætlun fyrir árið 2010 var lögð fram og gert er ráð fyrir svipuðum fjárhæðum til rekstursins og fyrir þetta fjárhagsár.
3. Önnur mál.  
Jóhanna gerði grein fyrir ýmsu sem til stendur að kaupa fyrir skólann, þ.e.a.s. hljóðfæri og tæki. Einnig var rætt um fyrirhugaða ferð lúðrasveitarinnar næsta sumar á lúðrasveitarmót í Gautaborg, Svíþjóð dagana 27. júní-1. júlí.

Fundi slitið kl. 18.00.

Sigurborg Sturludóttir (sign.).